

## Gylfi frændi

### Minningar um Gylfa Jónsson flugmann

f. 25. mars 1938, d. 27. 9. 2022



Ég þekkti til veikinda Gylfa síðustu misseri en samt kom mér á óvart fréttin um að þessi lífsglaði og fjörugi frændi og vinur væri allur.

Í bernsku okkar systkinanna í Eyjarhólum skipuðu nær árvissar heimsóknir föðurbræðra okkar og fjölskyldna þeirra sérstakan sess og voru ætíð tilhlökkunarefni. Jón og Lára og Stefán og Magnea voru uppáhaldsfrændfólkið. Þau komu í heimsókn flest ár eins og sumarblíðan og heimili þeirra stóðu okkur ætíð opin þegar farið var suður eins og höfuðborgarferðir voru þá kallaðar. Ekki dró það úr gildi heimsókna þeirra að þau komu í drossíum sem sjaldséðar voru í sveit sem var nýskriðin inn í Willýsjeppa-öldina. Við vorum viss um að þetta væru flottustu drossíum landsins eða að minnsta kosti þær finustu sem komið hefðu í Mýrdalinn.

Feður okkar Gylfa og Stefán bróðir þeirra voru fæddir við upphaf síðustu aldar. Þorlákur 1899, Jón Guðmann 1901 og Stefán 1902. Þeir voru synir Björns Einars Þorlákssonar bónda

og hreppstjóra að Varmá í Mosfellssveit, prestssonar frá Undirfelli í Vatnsdal í A- Húnavatnssýslu. Eftir nokkurra ára búsetu í Munaðarnesi í Borgarfirði og missi fyrri konu sinnar hafði Björn farið utan og kynnti sér nýjungar í búskaparháttum og tóvinnu á Norðurlöndunum. Heimkominn flutti hann inn nýjar búvinnuvélar, m.a. fyrstu hestasláttuvélina. Hann festi einnig kaup á tóvinnuvélum í Noregi og stofnaði ullaferksmiðju að Álafossi árið 1896. Björn rak verksmiðjuna í nokkur ár en seldi hana síðan frænda sínum sem verið hafði verksmiðjustjóri hans. Hann bjó eftir það á Varmá, var þekktur að hagleik og smíðum og var hreppstjóri í Mosfellssveit þar til hann lést árið 1904 aðeins fimmtugur að aldri.



Legsteinn Björns E. Þorlákssonar

Í Lágafellskirkjugarði í Mosfellssveit er gróf Björns E. Þorlákssonar og á henni legsteinn með áletrun. Gylfi sagði mér að eitt sinn þegar hann og faðir hans höfðu fengið leyfi til þess að slá kirkjugarðinn til að afla fódurs fyrir hesta sína hefðu þeir sest niður til hvíldar og kaffidrykkju í skjóli af háum legsteini. Þegar þeir stóðu upp og rýndu í lettrið á steininum kom í ljós að þeir höfðu notið skjóls af legsteini föður sínum og afa.

Löngu síðar heimsóttum við Gylfi gróf afa

okkar í þeim tilgangi að hreinsa legsteininn og skýra áletrunina á honum. Vorum við vel búnir að hreinsiefnum og áhöldum en sáum fljótt að ekki næðist árangur af hreinsun án þess að eyða af steininum skófum og öðrum gróðri sem er til merkis um aldur steinsins og ekki má fórna. Lára Fanney dóttir Gylfa hefur komið með þá góðu hugmynd að setja við legsteininn málmlötu með áletruninni sem á honum er og er lítt læsileg.

**HJER HVÍLIR  
VÖLUNDURINN  
BJÖRN ÞORLÁKSSON  
HREPPSSTJÓRI  
STOFNANDI ÁLAFOSS  
F 23 NOV 1854  
D 27 FEB 1904  
HINSTA KVEÐJA  
FRÁ VINUM HANS.**

Áletrun á legsteini



Úr brúðkaupsmynd Björns og Önnu. Með þeim á mynd er Jón Hjörleifsson faðir Önnu



Jón, Stefán og Þorlákur  
Myndin líklega tekin 1904

Seinni kona Björns, móðir þeirra bræðra, var Anna Jónsdóttir frá Skógum undir Eyjafjöllum. Þau gengu í hjónaband árið 1897. Auk sonanna þriggja sem getið var fæddist þeim dóttir, Elísabet Kristín 1898, dáið sama ár. Eftir lát Björns flutti Anna með synina til ættmenna sinna undir Austur-Eyjafjöllum. Voru þeir þá á aldrinum eins til fjögurra ára og má af aldri Stefáns, sem fæddur var í desember 1902, ráða að myndin hér til hliðar hafi verið tekin síðla árs 1903 eða 1904. Anna var eitt sex barna Jóns Hjörleifssonar bónda og Dannebrogsmanns í Eystri-Skógum undir Eyjafjöllum. Hann var vel stæður að fé og lendum og sátu börn hans og ættingjar flestar jarðir undir Austur-Eyjafjöllum, m.a. báða Drangshlíðarbæina, Skarðshlíð, Rauðafell, Selkot og Drangshlíðardal. Guðrún systir Önnu bjó í vesturbænum í Drangshlíð og settist Anna þar að með Þorlák og Stefán en Ólafur Helgi bróðir hennar sem bjó á Eystri-Sólheimum í Mýrdal tók Jón að sér og ólst hann þar upp.


Þeir bræður uxu upp í samheldinni stórfjölskyldu við góðar aðstæður á þess tíma mælikvarða. Á uppvaxtarárunum stunduðu þeir almenna vinnu til sveita, sjóróðra og fleira, en öfluðu sér síðan allir menntunar og kusu sér starfsvettvang í samræmi við hana. Þorlákur nam búfræði á Hvanneyri, kynnti sér bústörf og dýralækningar í Danmörku, varð bóndi og lagði stund á dýralækningar í hjáverkum. Jón gekk í Samvinnuskólann og starfaði lengst af sem innkaupastjóri SÍS og síðar skrifstofustjóri hjá Íslenskum Aðalverktökum. Stefán gekk í

Stýrimannaskólann eftir nám í Flensborgarskóla og var stýrimaður og skipstjóri á togurum.

Heimsókn frændfólksins var kærkomin tilbreyting í fáreyttum veruleika sveitabarna um miðja síðustu öld. Útreiðar með þeim og samvera var upplifun og gaman var að hlusta á þá bræður rifja upp minningar frá æskudögunum. Það var uppörvandi að heyra frásagnir þeirra af því sem á daga þeirra hafði drifið, Stefáns sem siglt hafði með afla á Englandsmarkað öll stríðsárin og Jóns sem stundaði hafði viðskipti fyrir SÍS og verið hafði búsettur í Ameríku á þess vegum.

Synir frænda okkar voru oft með í för einkum áður en vinna og nám hafði fest tök á þeim.

Björn og Rafn synir Stefáns og Magneu voru okkur það mikið eldri að við kynntumst þeim ekki að ráði en áttum samskipti við þá síðar á ævinni. Ólafur Rafn og Gylfi synir Jóns og Láru voru nær



Stefán, Jón og Þorlákur.  
Myndin tekin 1924





Gylfi með pípu

okkur í aldri einkum Gylfi sem var jafnaldri Önnu Margrétar elstu systur okkar. Komst fljótt vinátta á við hann sem entist alla tíð og hélt hann tryggð við okkur eldri í hópnum og lagði sig eftir að koma á sambandi við hin yngri síðar. Hann var grallarinn í hópnum, uppátækjasamur og sá hið spauglega í öllum aðstæðum, góðgjarn og glaðsinna. Myndin til hliðar er tekin löngu eftir fyrstu kynni okkar við hann en glettnissvipurinn og brosið í augunum einkenndi hann í huga okkar systkinanna.

Það voru líka ævintýradagar þegar við sveitabörnin fórum til höfuðborgarinnar og heimsóttum frændfólk okkar hvort sem það voru Stefán og Magneu á Borgarholtsbrautinni í Kópavogi eða Jón og Láru á Hringbrautinni í Reykjavík. Heimili Jóns og Láru er minnisstætt, smekklega búið fallegum húsgögnum og skreytt málverkum meistara sem við höfðum lesið um í dagblöðum. Og ekki tók verra við þegar Lára bar fram sætabrauð og annað góðgæti og bauð okkur með þeirri hlýju sem henni var eðlislæg. Hún og

Jón voru fjölskyldu

okkar ætíð innan handa við öflun fatnaðar og tækja til fatagerðar fyrir stóra barnahópinn í sveitinni. Á ég enn steypujárnsgrind og fótstig af Husqvarna saumavél sem Jón færði mömmu eitt árið. Í huga okkar voru Jón og Láru og heimili þeirra ímynd velvildar og höfðingsskapar.

Á meðan við vorum í skóla og undirbjuðum okkur undir ævistörfin hvor á sínum vettvangi voru samskipti okkar Gylfa ekki mikil en við fylgdust með framvindunni hvor hjá öðrum ekki síst af því að móðurbróðir hans, Arthúr Guðmundsson, var mentor minn menntaskólaárin á Akureyri. Arthúr og Láru móðir Gylfa voru skyldmenn mín því Sigurbjörg Jónsdóttir langamma mín og Ólafur Jónsson langafi Arthúrs og Láru voru systkini og við vorum því fjórmennningar. Við Gylfi vorum því ekki aðeins bræðrasynir heldur einnig skyldir í fjórða og fimmta lið í gegnum móðir hans.



Jón og Láru



Gylfi og Guðrún

Arthúr var mér hjálpsamur og hljóp undir bagga þegar á bjátaði á skólaárunum og í upphafi háskólanáms míns. Var ég heimagangur hjá honum og Ragnheiði Bjarnadóttur konu hans og gestur á heimili þeirra á jólum og öðrum stórhátíðum en algengt var á þeim tíma að nemendur færu ekki heim í skólafríum vegna tímaflekra ferðalaga og kostnaðar. Þau hjónin og börn þeirra Guðmundur Garðar, Bjarni og Þórdís tóku okkur Rakel eins og fjölskyldumeðlimum síðar þegar leiðir lágu saman. Gylfi var tíður gestur hjá Arthúri og Ragnheiði einkum eftir að hann hóf störf sem flugmaður og hittumst við þar af og til. Arthúr var glaðvær maður og leyndi sér ekki hvert Gylfi sótti sína léttu lund.

Í starfi mínum voru ferðir milli landa ekki ótíðar og oft fátt til afþreyingar í löngu flugi. Það var því óblandin ánægja þegar vélin var komin á sína réttu braut að dyr flugstjórnarklefans opnuðust og Gylfi benti mér á að koma inn til sín. Það sem eftir lifði ferðar leið fljótt á tali við hann. Gylfi var áhugamaður um fjölmargt og búinn miklum frásagnarhæfileikum. Hvort sem umræðuefnið var fjölskylda okkar, flugið, hestar eða annað einkenndist frásögn hans af lífi og fjöri með undirtón góðvildar, samúðar og réttlætiskenndar, eiginleika sem reyndi á í erfiðum málum á ævi hans.

Eldri dætur okkar Gylfa, Elín dóttir hans og Júlíana Rún dóttir mín, fæddust sama dag í janúar 1965



Gylfi og Guðrún með stórfjölskyldu

og voru skólasystur um skeið þegar við áttum heima í Nökkvavogi en Gylfi og Guðrún bjuggu í Eikjuvogi eftir tveggja ára dvöl búsetu í Japan og áður en þau fluttu í Kópavoginn. Elín starfar og býr í Noregi. Bergsveinn fyrsta barn þeirra stundaði nám og starfar í Bandaríkjunum og Lára Fanney sem búsett er í Mosfellsbæ starfar í Reykjavík. Kona Gylfa er Guðrún Lára Bergsveinsdóttur röntgentæknir. Hún er ættuð úr Hvallátrum og frá Seyðisfirði. Við fyrstu kynni við hana var eins og við hefðum þekkt frá barnsaldri og stafaði sami hlýhugur af þeim hjónum báðum sem voru samhent og samtaka um flesta hluti.

Í dagsins önn hættir manni til að sinna frændum og vinum of lítið og víst hefði meiri samvera með Gylfa og Guðrúnu verið mannbætandi og til ánægjuauka. Við vorum samt alla tíð í nokkrum samskiptum við þau og töluðumst við Gylfi alloft við í síma. Fengum við þau í heimsókn og nutum gestrisni þeirra á heimili þeirra í Kópavogi og áttum eftirminnilega heimsóknir til þeirra að Hraunkoti þar sem þau höfðu búið sér sælureit í nánd við Gunnarsholt en Gylfi hafði verið lífið og sálin í flugi fyrir Landgræðsluna til dreifingar á fræi og áburði sem gjörbreyttu ástandi og ásýnd lands á efri hluta Rangárvalla og víða á hálendinu. Eftirminnilegur er reiðatúr með þeim hjónum og fleiri frá Gunnarsholti að Stokkalæk í sumarblíðu dag einn þegar Rangárvellirnir skörtuðu sínu



Guðrún og Gylfi í útreið Rangárvöllum

fegursta. Löngu seinna, skömmu áður en hann kvaddi síðustu fáka sína, reið ég með Gylfa nokkrum sinnum frá hesthúsum hans upp að Elliðavatni. Mátti glöggst skynja þau bönd sem tengdu hann hinum ferfættu vinum.

Nú er Gylfi frændi og flugmaður genginn á vit forfeðra sinna og fákanna. Hann var kær vinur sem alltaf var gaman og uppörvandi að hitta. Það lýsti upp tilveruna að heyra í byrjun hvers símtals bjarta rödd hans segja: “Sæll frændi, hvernig hefur þú það.” Hann var léttur í lund og umhyggjusamur. Það var gott að eiga slíkan frænda að vini.